

ÁRSSKÝRSLA 2014



ORKUBÚ VESTFJARÐA
37. STARFSÁR



Flatey

ÁRSSKÝRSLA 2014



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.
37. STARFSÁR

EFNISYFIRLIT

Stjórn og stjórnskipulag.....	3
Formáli.....	4
Ávarp stjórnarformanns.....	5
Helstu framkvæmdir 2014.....	6
Helstu framkvæmdir 2015.....	7
Íbúaföldi á orkuveitusvæði OV.....	8

Ársreikningur..... 9-32

Raforkukerfi Vestfjarða.....	34
Rekstrartruflanir.....	35
Lykiltölur úr dreifikerfi.....	35
Vatnsaflsvirkjanir.....	36
Kyndistöðvar.....	37
Díselstöðvar.....	38
Orkuöflun.....	39
Orkudreifing.....	40

Skammstafanir

kV = kílóvolt = 1.000 volt

kW = kílóvatt = 1.000 wött

MW = megawatt = 1.000 kW

kVA = kílóvoltamper = 1.000 voltamper

MVA = megavoltamper = 1.000 kVA

kWh = kílóvattstund = 1.000 wattstundir

MWh = megawattstund = 1.000 kWh

GWh = gigawattstund = 1.000 MWh

Gl = gígalítrar = 1.000 milljónir lítar

Forsíðumynd: Bíldadalur. Ljós. Oddný Birgisdóttir.

Línuvinna: Ljós. Einar Halldórsson.

Aðrar ljósmyndir teknar af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða.

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.

Hönnun, umbrot og prentvinnsla: Gúttó ehf.



Breiðadalur




STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

Formaður: Viðar Helgason
Varaformaður: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Ritari: Viktoría Rán Ólafsdóttir
Árni Brynjólfsson
Daníel Jakobsson

Varamaður: Ragnheiður Hákonardóttir

Skipurit Orkubús Vestfjarða ohf



FORMÁLI

Markverður áfangi að bættu afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum náðist á liðnu ári. Teknar voru í notkun nýjar aðveitustöðvar á Ísafirði og í Bolungarvík og með byggingu varaafsstöðvar Landsnets í Bolungarvík ásamt búnaði sem nefndur hefur verið „Snjallnet“ má segja að langvarandi rafmagnsleysi á norðanverðum Vestfjörðum heyrir nú sögunni til. Orkubúið er nú í samvinnu við Landsnet að leita leiða til úrbóta fyrir aðra hluta Vestfjarða.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að leggja rafstrengi í jörð í stað raflína í dreifbýlinu og á komandi árum verður unnið af auknum krafti við þetta verkefni samhliða lagningu ljósleiðara. Með fækkun loftlína eykst afhendingaröryggi rafmagns í dreifbýlinu til mikilla muna.

Stórir og merkir áfangar í jöfnun raforkukostnaðar eru handan við hornið og eru þeir raforkukaupendum á Vestfjörðum mjög til hagsbóta.

Alþingi samþykkti nú í vetur frumvarp sem kveður á um fulla jöfnun á kostnaði dreifingar raforku í dreifbýli við þann dreifkostnað sem hæstur er í þéttbýli og kemur þessi jöfnun að fullu til framkvæmda í aprílbyrjun á næsta ári. Það má því segja að þetta mikla réttlætismál sé í höfn.

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrumvarp sem tekur til frekari jöfnunar á húshitunarkostnaði landsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að flutnings- og dreifkostnaður raforkunnar verði að fullu niðurgreiddur úr ríkissjóði.

Í lok febrúar á s.l. ári boðaði Landsvirkjun skerðingu á raforku inn á katla hitaveitna OV vegna óvenjulágrar vatnstöðu í miðlunarlónum sínum. Þessi skerðing stóð í rúma tvo mánuði. Orkubúið þurfti að kynda hitaveitur sínar með olíu að mestu meðan þetta ástand varði og varð aukinn kostnaður Orkubúsins um 200 millj.kr. af þessum sökum.

Árið 2014 varð hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða tíunda árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var með minna móti eða rúmar 84 GWh. Þrátt fyrir hagnað er afkoma OV þetta árið ekki viðunandi hvort sem horft er til fjárfestingarþarfar fyrir tækisins eða ávöxtunar eigin fjár þess. Afkoman er mun slakari en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist af kostnaðarauka OV vegna skerðingar Landsvirkjunar á orku til hitaveitukatla.

Á árinu 2014 var 779 millj.kr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 23,2 millj.kr. Af helstu framkvæmdum má nefna að lokið var við byggingu nýrra aðveitustöðva í samvinnu við Landsnet, á Ísafirði og í Bolungarvík og framkvæmdir vegna endurnýjunar Fossárvirkjunar hófust. Um aðrar helstu framkvæmdir ársins má lesa á síðu 6 í þessari skýrslu. Allar

fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 2,6% frá fyrra ári og nam alls 256 GWh. Eigin orkuvinnsla jókst um 12,5% á milli ára og var 113,9 GWh eða 44,5% af heildarorkuöfluninni og orkukaup af öðrum orkuframleiðendum voru 142,1 GWh eða 55,5% af heildarorkuöfluninni. Aukin vinnsla í svartolíukötlum hitaveitnanna meðan á skerðingu Landsvirkjunar stóð skýrir að mestu aukningu á eigin vinnslu OV.

Orkudreifing á veitusvæði Orkubús Vestfjarða jókst um 4,1% frá fyrra ári og nam alls 235,5 GWh. Til hitunar fóru um 157 GWh sem eru um 67% af heildarorkudreifingu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, var lagður 25,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Til viðbótar var lagður sérstakur skattur á raforku sem nam 12,9 aurum á hverja kílóvattstund og sérstakur skattur á hitaveitur sem nam 2% af heildarupphæð reiknings.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru ekki hækkaðar á árinu að undanskilinni verðskrá raforkusölu sem var hækkuð um 2,5% 1. júlí.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2014 varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 112,2 millj.kr., en þegar tekið er tillit til tekjuskatts er hagnaður ársins um 89,8 millj.kr. Afskriftir námu alls 265,4 millj. kr. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2014 voru alls 6.962 millj. kr. og heildarskuldir alls 1.350 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.612 millj. kr. sem er um 81 % af heildarfjármagni.

Orkubúið hefur leitast við að halda úti öflugri upplýsingagjöf til viðskiptavina sinna með hjálp netmiðlana „Facebook“ og „Twitter“ ásamt því að birta fréttir og tilkynningar á heimasíðu sinni ov.is. Á heimasíðunni geta viðskiptavinir Orkubúsins einnig fengið upplýsingar um eigin viðskipti á „Mínum síðum“.

Öllu starfsfólki Orkubús Vestfjarða eru þökkuð þeirra góðu störf.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Afkoma Orkubús Vestfjarða á síðasta ári var langt frá því að vera viðunandi. Ýmsir þættir spila þar saman.

Orkubú Vestfjarða gegnir margvíslegum skyldum. Frumskyldurnar lúta að dreifingu raforku til notenda, að framleiða/afla orku til endursölu til viðskiptavina, en jafnframt þarf að búa að starfsmönnum félagsins á sómasamlegan hátt, vera þátttakandi í samfélaginu og að skila eiganda sínum ásættanlegri afkomu. Þessum þáttum hefur fyrirtækið unnið að og mun halda áfram.

Dreifing raforku sem er einkaleyfisstarfsemi byggir á reglusetningu um verðskrár. Tekjumyndun þessarar starfsemi þarf að standa undir almennum rekstri kerfisins, en jafnframt endurbótum til að mæta þörfum nútímasamfélags, auk þess að tryggja eðlilega ávöxtun á þá fjármuni sem bundir eru í kerfinu. Undanfarin ár og þau næstu mun Orkubú Vestfjarða halda áfram að setja fjármuni í uppbyggingu dreifikerfisins. Þeirri uppbyggingu þarf að mæta í verðlagningu þjónustunnar. Orkubú Vestfjarða hefur ákveðið að samhliða væntanlegri styrkingu ljósleiðaranets á Vestfjörðum verði lagðir rafmagnsstrengir til að bæta afhendingaröryggi og mæta þörfum notenda á sunnanverðum Ströndum.

Raforkuöflun er annar þáttur í starfsemi Orkubúsins. Til að tryggja viðskiptavinum sínum orku, hvort sem er til lýsingar, til að knýja tæki og áhöld eða til húshitunar, þarf Orkubú Vestfjarða að framleiða eða kaupa raforku. Á síðasta ári nam eigin vinnsla Orkubúsins 44,5% af þeirri orku sem skilað var til viðskiptavina fyrirtækisins í samanburði við 40,5% á fyrra ári.

Vegna vatnsstöðu virkjana fyrir rösku ári var lítið framboð á raforku sem leiddi m.a. til skerðinga Landsvirkjunar á ótryggðri orku sem keypt hefur verið til húshitunar. Af þeim sökum sexfaldaðist orkuframleiðsla Orkubús Vestfjarða með notkun olíukatla milli ára, til að tryggja húshitun með kostnaði langt umfram þær tekjur sem fyrirtækið hafði af sölu orkunnar. Sér þessa stað í afkomu ársins.

Landsvirkjun hefur boðað að á næstunni verði dregið verulega úr framboði á ótryggðri orku og hækkun verðs í langtímasamningum. Ljóst er að orkuverð frá virkjunum fer hækkandi og þarf Orkubú Vestfjarða að auka eigin framleiðslu raforku eins og kostur er og tryggja sér hagkvæma langtímasamninga fyrir því sem á vantar til að hægt sé að mæta þörfum viðskiptavina fyrirtækisins fyrir orku.

Fyrirséð er að hækkandi verð sem virkjanir geta fengið fyrir raforku gera það að verkum að ýmsir smærri virkjanakostir sem fram til þessa hafi ekki verið hagkvæmir gætu orðið framkvæmanlegir.

Staða afhendingaröryggis er og hefur verið Orkubúi Vestfjarða hugleikin. Með tilkomu nýrrar varaafstöðvar Landsnets í Bolungarvík hefur staða raforkumála á fjölmennustu svæðum Vestfjarða verið tryggð, þótt flutningskerfi raforku inn á svæðið sé langt frá því að vera nógu sterkt.

Margir hafa spurt sig hvort raforkulöggjöfin frá árinu 2003 sem sett var á grundvelli evrópskrar lagasetningar hafi gengið lengra í aðskilnaði dreifingar og raforkusölu en nauðsynlegt hafi verið og hvort hagkvæmt sé að landið skiptist í jafn mörg dreifiveitusvæði og ákveðið var í lögnum, hvort fámenn en dreifbýl svæði geti staðið sjálfstætt undir rekstri og viðhaldi. Nýttilkominn lagasetning um jöfnunargjald á dreifingu raforku er þó mikilvægt skref fyrir þá notendur sem hafa til þessa þurft að greiða talsvert hærra gjald fyrir dreifingu raforku en þeir sem búa á stærri og þéttbýlli dreifisvæðum. Hvatar almennings til að skipta um orkufyrirtæki eru litlir þar sem dreifingin er stór hluti verðs og verðbil almenns raforkuverðs milli sölufyrirtækja er lítið. Samkeppni um orkusölu til fyrirtækja eru þó virk á markaðnum.

Þróun á raforkumarkaði undanfarið og á næstu misserum og staða Orkubús Vestfjarða kallar á að Orkubúið taki stefnu þá sem fyrirtækið hefur fylgt til ákveðinnar endurskoðunar á næstunni, skipulag þess, áherslur, markaðsnálgun, verðstefnu, uppbyggingu orkuframleiðslu og þar með hvernig fyrirtækið þróist til skemmri og lengri tíma, eftir þörfum markaðar þess sem það þjónar, kröfum eiganda og getu fyrirtækisins. Fyrirtækið þarf að aðlagja sig að umhverfinu til að geta uppfyllt skyldur sínar betur á næstu árum gagnvart öllum hagsmunaaðilum.

Stjórnarmönnum og starfsmönnum Orkubús Vestfjarða þakka ég fyrir vel unnin störf, gott samstarf og samskipti á síðasta ári.

Viðar Helgason,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða.

HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2014

Rafveitusvið

Lokið var við færslu aðveitustöðvar á Ísafirði. 15 MVA spennar voru færðir úr Stóruð inn að Skeiði. Aðveitustöð í Stóruð var tekin úr rekstri eftir margra áratuga þjónustu.

Lokið var við endurnýjun búnaðar í deilistöð við Mánagötu og spennistöð við Ísafjarðarveg í Hnífsdal.

Aðveitustöð í Bolungarvík var flutt í nýtt húsnæði sem Landsnet hefur byggt og hýsir einnig nýja varaafsstöð. 10 MVA spennir var endurnýjaður í Bolungarvík.

Engidalslína var endurnýjuð með jarðstreng.

Plægður var jarðstrengur frá Haukabergi Barðaströnd að Hvammi utan Krossholts.

Hafist var handa við endurnýjun Norðurlínu með jarðstreng. Plægður og grafinn var jarðstrengur frá Djúpuvík upp að Goðdalsá um 9 km.

Þar sem plægður er jarðstrengur í dreifikerfinu er einnig sett fjarskiptarör.

Orkusvið

Uppsteypa á 146 m² stöðvarhúsi og spennistöðvar fyrir nýjan raf- og vélbúnað fyrir Fossárvirkjun var lokið á árinu. Grafið var fyrir og lagðir út tæpir 900 metrar af DN 500mm trefjaplastpípu og lokið við tvo af fjórum festlum. Til stóð að koma virkjuninni í rekstur í desember, en m.a. seinkun á framkvæmdaleyfi og erfið veðráttta varð til þess að stórir verkáfangar færðust yfir á árið 2015.

Undirritaður var samningur um kaup á 3 MW vélasamstæðu af Francis gerð, sem kemur í stað núverandi 2,4 MW vélar í Mjólka I frá 1958. Hætt var við 67 MW Glámuvirikjun í núverandi mynd og horft til þess að minnkuð virkjun allt 38 MW að stærð verði rannsökuð betur á síðari stigum. Vatn frá vatnasviði Skötufjarðar og Stóra-Eyjavatns á vatnasviði Dynjanda sem áður voru hluti af Glámuvirikjun, yrði nýtt til stækkunar á Mjólkárrikjun. Sótt var um byggingu miðlunar og veitu frá Stóra-Eyjavatni á árinu og ef af framkvæmdum verður, þá eykst orkumáttur virkjunarinnar um 25 GWh eða 36%.

Ný og afkastameiri djúpvatnsdæla var sett í holu LA-02 á Laugum í Súgandafirði og dæluhúsið endurnýjað. Hola LA-05 var aflögð og verður því ein hola í rekstri þangað til ný hola verður boruð. 230 kW færanleg varaafsvél var keypt fyrir Orkustöð.



Blævardalsárvirkjun



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2015

Rafveitusvið

Skipt verður út díselvél í Súðavík og búnaður endurnýjaður.

Dreifilínur í Önundarfirði verða endurnýjaðar að hluta með jarðstreng.

Rofahús að Krossholti verður endurnýjað ásamt nýju spóluvirki og nýr jarðstrengur Haukabergr - Hvammur tengdur.

Unnið verður að endurnýjun spennu og búnaðar á Keldeyri og Bíldudal vegna fyrirhugaðrar aflaukningar.

Endurnýjun dreifikerfis með jarðstreng verður klárað við Gjögur.

Unnið verður að endurbótum í spennistöð í Reykjanesi og spennuhækkað í Mjóafjörð við Djúp.

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði hefur verið boðin út hjá Fjarskiptastofnun. Líkur eru á að Orkubú muni í samvinnu við lægstbjóðanda plægja rafstreng frá Borðeyri að Þorpum utan Hólmavíkur. Verði þetta verkefni að veruleika verður það langstærsta framkvæmdarverkið 2015.

Orkusvið

Stöðvarhús Fossárvirkjunar verður klárað og settur verður upp brúarkrani með 6,3 tonna lyftigetun. 800 metrar af gömlu pípunni verða endurnýjaðir og þar með verður nýi hluti pípunnar orðin 1,7 km langur. 1,2 MW vél ásamt stjórnbúnaði verður sett upp og virkjunin tekin í rekstur fyrir haustið.

Fossavatnið verður tæmt og lokuhús lagað ásamt uppsetningu á DN 500mm pípubrotsloka. Snjóþyngsli undanfarin tvö sumur hafa verið of mikil til að þessi aðgerð hafi getað farið fram.

Undirbúningsframkvæmdir verða unnar við stöðvarhús Mjólkárveikunnar, svo hægt verði að setja upp nýja 3 MW vél sumarið 2016. Unnið verður að tillögugerð að nýrri aðveitustöð OV og Landsnets í Mjólka vegna aðkallandi breytinga þar. Gerð verður forathugun á hagkvæmni lítillar virkjunar í Hafnardsá.

Rannsóknir á vindafari á Ströndum verður fram haldið og niðurstöður mælinga notaðar til að staðfæra Vindatlas Veðurstofunnar. Sjávarhitamælitæki verða sett upp í Önundarfirði til að kanna hagkvæmni notkunar á varmadælum sem valkost í orkuöflun kyndistöðvarinnar á Flateyri. Rennslismælingum á hálendi Skötufjarðar verður komið á og rennslismælingum í Hafnardsá haldið áfram.




Sellátralína

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2014	Breyting frá 1.12.2013	Íbúatala 1.12.2013	Breyting frá 1.12.2012
Svæði I:				
Bolungarvík	927	-22	949	25
Ísafjarðarbær	3.623	-31	3.654	-90
Súðavíkurhreppur	206	2	204	25
Samtals svæði I	4.756	-51	4.807	-40
Svæði II:				
Tálknafjarðarhreppur	306	9	297	4
Vesturbyggð	997	45	952	17
Samtals svæði II	1.303	54	1.249	21
Svæði III:				
Árneshreppur	54	3	51	-3
Bæjarhreppur	90	2	88	-15
Kaldrananeshreppur	109	5	104	4
Reykhólahreppur	269	-5	274	-5
Strandabyggð	473	-32	505	-12
Samtals svæði III	995	-27	1.022	-31
Vestfirðir samtals	7.054	-24	7.078	-50

Heimild: Hagstofa Íslands

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2014





Bolungarvíkurlína

ÁRSREIKNINGUR 2014



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.



Línuvinna

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra	11
Áritun óháðra endurskoðenda	12
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur.	14
Yfirlit um sjóðstreymi	15
Skýringar	16-30
Sundurliðanir	31-32



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Tilgangur Orkubús Vestfjarða ohf. skv. lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001 er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2014 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 89,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2014 voru alls 6.962 millj. kr. og heildarskuldir alls 1.350 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.611,5 millj. kr. sem er um 81 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2014.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2014.

Reykjavík, 30. mars 2015

Í stjórn

Viðar Helgason
stjórnarformaður

Árni Brynjólfsson

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Daníel Jakobsson

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Orkubússtjóri

Kristján Haraldsson

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við gildandi lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim þá ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. mars 2015.

Endurskoðendapjónustan ehf

Sævar Þór Sigurgeirsson
endurskoðandi

Guðni Þór Gunnarsson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur		2.208.953.537	2.117.945.505
Aðrar tekjur		86.129.642	101.210.401
Orkukaup		(1.190.068.874)	(977.362.736)
Laun og launatengd gjöld	4	(651.576.595)	(623.301.122)
Annar rekstrarkostnaður		(71.770.729)	(110.714.446)
Afskriftir	5	(265.404.141)	(239.963.057)
Rekstrarhagnaður		116.262.840	267.814.545
Fjármunatekjur		11.030.948	10.907.675
Fjármagnsgjöld		(15.466.150)	(184.371)
Gengismunur		334.992	(19.119)
	6	(4.100.210)	10.704.185
Hagnaður fyrir skatta		112.162.630	278.518.730
Tekjuskattur	7	(22.347.561)	(55.618.580)
Hagnaður ársins		89.815.069	222.900.150

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

Eignir	Skýr.	2014	2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	5.983.785.700	5.470.926.213
Hlutafjáreign	10	355.186.173	355.076.173
		6.338.971.873	5.826.002.386
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	11	191.863.832	233.296.089
Orkureikningar	12	319.518.191	302.164.943
Aðrar skammtímakröfur	12	105.919.393	124.828.303
Handbært fé	12	5.596.997	18.535.198
		622.898.413	678.824.533
Eignir samtals		6.961.870.286	6.504.826.919
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé	13	3.049.914.000	3.049.914.000
Lögbundinn varasjóður		1.016.636.785	1.016.636.785
Óráðstafað eigið fé		1.544.931.111	1.455.116.043
Eigið fé		5.611.481.896	5.521.666.828
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	14	568.881.421	547.364.613
Tekjuskattsskuldbinding	15	93.708.477	71.360.916
		662.589.898	618.725.529
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		295.561.055	207.137.544
Skuldir við lánastofnanir		278.141.478	40.000.000
Aðrar skammtímaskuldir	16	114.095.959	117.297.018
		687.798.492	364.434.562
Skuldir		1.350.388.390	983.160.091
Eigið fé og skuldir samtals		6.961.870.286	6.504.826.919



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		116.262.840	267.814.545
Afskriftir		265.404.141	239.963.057
Söluhagnaður fastafjármuna		(1.274.623)	(439.612)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga		21.516.808	23.354.683
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		401.909.166	530.692.673
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)		41.432.257	(31.050.757)
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun		(822.858)	10.933.554
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(17.130.940)	11.475.786
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		425.387.625	522.051.256
Innborgaðir vextir og arður		11.030.948	10.907.675
Greiddir vextir		(15.466.150)	(184.371)
Handbært fé frá rekstri		420.952.423	532.774.560
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(779.141.196)	(671.199.754)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		2.152.191	698.008
Keypt hlutabréf		(110.000)	0
Lækkun á bundnum bankainnstæðum		2.498.030	40.898.794
		(774.600.975)	(629.602.952)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	13	0	(60.000.000)
Lánalína		238.141.478	40.000.000
Skammtímaskuldir v/fjárfestinga, hækkun		102.577.238	30.757.926
		340.718.716	10.757.926
Lækkun handbærs fjár		(12.929.837)	(86.070.466)
Handbært fé í upphafi árs		18.535.198	104.624.783
Gengismunur handbærs fjár		(8.364)	(19.119)
Handbært fé í lok árs		5.596.997	18.535.198
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		397.473.964	541.415.977

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Orkubú Vestfjarða ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkubú Vestfjarða ohf. er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Jafnframt að stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánstarfsemi og annar skyldur rekstur. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Tengigjöld notenda námu alls 23,2 milljónum króna á árinu 2014. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 1,01% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.



SKÝRINGAR

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Fasteignir	50 ár
Vatnsaflsvirkjanir	60 ár
Kyndistöðvar	20 ár
Aðalorkuflutningslínur	30 ár
Aðveitulínur	30 ár
Sæstrengir	30 ár
Aðveitustöðvar	30 ár
Innanbæjarkerfi	25 ár
Dreifikerfi hitaveitu	25 ár
Borholur	10 ár
Díselvélar	5-20 ár
Áhöld tæki og annar búnaður	5 ár

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söliverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Orkureikningar og aðrar viðskiptakröfur

Orkureikningar og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

